


# Starfsemi Gildis-lífeyrissjóðs á árinu 2023

Hrein eign sjóðsins í árslok var 991,9 milljarðar króna og hækkaði um 78,6 milljarða á milli ára. Á árinu greiddu 59.070 sjóðfélagar til Gildis og 28.780 fengu greiddan lífeyri. Samtals eiga 271.352 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum.

## Ávöxtun á árinu 2023



Markaðsaðstæður voru áfram krefjandi á árinu 2023 en þó varð nokkur viðsnúningur á erlendum mörkuðum. Erlend verðbréf sjóðsins skiluðu jákvæðri ávöxtun en styrking krónunnar gagnvart bandaríkjadal og evru dró úr ávöxtun erlendra eigna á árinu. Innlend hlutabréf skiluðu heilt yfir neikvæðri ávöxtun en réttu þó nokkuð úr kútnum undir lok árs. Innlend skuldabréf sjóðsins, sem eru að stærstum hluta verðtryggð, skiluðu jákvæðri ávöxtun en verðbólga tók loks að hjaðna lítillaga á seinni helmingi ársins eftir þriggja ára tímabil hækkanði verðbólgu og vaxta.

Efnahagsreikningur	í milljónum kr.	
	2023	2022
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	542.174	495.574
Skuldabréf	429.099	389.531
Bankainnstæður	11.708	23.129
Kröfur	8.960	5.460
Varanlegir rekstrarfjármunir	488	510
Skuldir	-539	-953
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>991.892</b>	<b>913.251</b>

Breytingar á hreinni eign	í milljónum kr.	
	2023	2022
Iðgjöld	45.044	39.704
Lífeyrir	-30.765	-23.977
Framlag ríkisins vegna örorku	2.682	2.238
Hreinar fjárfestingartekjur	63.090	-19.484
Rekstrarkostnaður	-1.410	-1.325
Breyting á hreinni eign á árinu	78.641	-2.840
Hrein eign frá fyrra ári	913.251	916.091
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>991.892</b>	<b>913.251</b>


## Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri

Björgvin Jón Bjarnason, formaður, Stefán Ólafsson, varaformaður, Árni Bjarnason, Bjarnheiður Hallsdóttir, Freyja Önundardóttir, Gundega Jaunlinina, Perla Ösp Ásgeirsdóttir og Sverrir Sverrisson. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Davíð Rúdólfsson.

## Eignir samtryggingardeildar

Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 983,2 milljörðum kr. í árslok 2023 og hækkaði um 77,7 milljarða kr. á árinu. Hrein eign séreignardeilda sjóðsins í árslok 2023 var 8,7 milljarðar kr. og hækkaði um 932 milljónir kr. frá fyrra ári.

## Eignir samtryggingardeildar skiptast þannig:



Vægi eigna samtryggingardeildar í erlendra mynt var 35,4% í árslok 2023, samanborið við 33,8% í árslok 2022. Í nýrri fjárfestingarstefnu Gildis fyrir árið 2024 er samanlagt vægi hlutabréfa og samanlagt vægi skuldabréfa óbreytt frá fyrri stefnu. Hlutfall skuldabréfa sveitarfélaga, banka og sparissjóða og veðskuldabréfa er hækkað frá fyrri stefnu en á móti lækkar hlutfall skuldabréfa með ábyrgð ríkisins. Markmið um vægi eigna í erlendra mynt í fjárfestingarstefnu er 37%, óbreytt frá fyrra ári. Það er stefna Gildis að auka vægi erlendra eigna á komandi árum með það að markmiði að auka áhættudreifingu sjóðsins.

Kennitölur samtryggingardeildar	2023	2022
Hrein nafnávöxtun	6,7%	-2,2%
Hrein raunávöxtun	-1,2%	-10,6%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	4,1%	4,8%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	4,5%	5,1%
Hrein raunávöxtun (15 ára meðaltal)	4,0%	1,9%
Hrein raunávöxtun (20 ára meðaltal)	3,5%	4,3%
Tryggingafræðileg staða	-4,3%	-3,9%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	40.091	38.006
Fjöldi launagreiðenda	7.940	7.537
Fjöldi lífeyrisþega	28.780	27.305
Rekstrarkostnaður – hlutfall af iðgjöldum	2,9%	3,1%
Rekstrarkostnaður – hlutfall af eignum	0,15%	0,14%

## Ársfundur 2024

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs árið 2024 verður haldinn miðvikudaginn 24. apríl klukkan 17:00 á Hótel Reykjavík Grand. Fundinum verður einnig streymt á heimasíðu sjóðsins. Dagskrá fundarins og nánara fyrirkomulag verður auglýst síðar.